

Viðmiðunar reglur vegna snjómoksturs í Sveitarfélaginu Vogar

Snjómokstur og hálkueyðing gatna: Þær götur sem eru forgangi eru strætóleiðir, stofnbrautir og helstu tengibrautir sem liggja í átt að skólum og leikskólum. Þær götur sem liggja í brekku eru einnig í forgangi hvað varðar hálkueyðingu. Leitast er við að bílastæði við grunn- og leikskóla sé einnig mokuð en það er ekki í forgangi oftast eru bílastæðin hreinsuð daginn eftir. Ekki er mokað frá innkeyrslum og þurfa íbúar að sjá um það sjálfir. Við hálkueyðingu gatna er eingöngu notast við salt í eins litlu magni og mögulegt er.

Snjómokstur og hálkueyðing gönguleiða: Miðað er við að moka fyrst þær leiðir sem liggja að grunnskólum og leikskólum. Síðan eru gönguleiðir meðfram helstu stofn- og tengibrautum og göngustígar á opnum svæðum hreinsaðir. Við hálkueyðingu á gönguleiðum er notast við salt. Ef að mikill snjór er getur reynst erfitt að moka gönguleiðir en reynt er eftir fremsta megni að að ryðja eins og tæki og tól ráða við.

Húsagötur og afleggjarar á ströndinni: eru aðeins hreinsaðar ef þær eru orðnar þungfærar venjulegum einkabílum sem eru útbúnir til vetraraksturs. Ekki verður mokað frá innkeyrslum og þurfa íbúar því að sjá um það sjálfir.

Vetrarþjónustan miðast við venjulegar vetraraðstæður. Ef að veður ef vont með mikilli ofankomu er reynt eftir fremsta megni að halda þeim götum sem eru í forgangi greiðfærum. Ekki er gert ráð fyrir að mokað sé á tímabilinu frá kl 12 á miðnætti og til 04.30 nema í ýrtruðneyð. Ef von er á hláku er reynt eftir fremsta megni að hreinsa frá niðurföllum þar sem vatn safnast fyrir.

Þjónustuflokkar í snjómokstri gatna.

Flokkur 1.Stofnbrautir og tengivegir

Flokkur 2. Skóli,Leikskóli og Íþróttamiðstöð

Flokkur 3.Húsagötur og afleggjarar á Ströndinni

Ströndin:

Vegagerðin sér um veginn inn á strönd og er hann mokaður tvisvar í viku mánud. og föstd. Afleggjarar á ströndinn eru í þriðja þjónustu flokk eins og húsagötur í þéttbýlinu.

Vegagerðin:

Vegagerðin sér einnig um Hafnargötuna niður að Jónsvör (bryggju) og er hún mokuð samhliða Vogaafleggjara

Aðrar upplýsingar varðandi mokstur:

- Reynt verður að haga snjómokstri þannig að fyrst skal stinga í gegn og mynda slóð og ræður þar forgangsröð gatna áður en byrjað er að breikka slóðina
- Ef keyra á úr götum er það gert samkvæmt ákvörðun Umhverfiseildar
- Reynt er að lámarka umferð snjómoksturstækja við skóla á mesta annatíma barna til og frá skóla
- Mokstur í íbúðagötum skal unninn á tímabilinu kl.05-23.
- Plön við heimahús eru ekki mokuð á kostnað sveitafélagsins.

- Mokstur vegna öryrkja er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni skrifstofu.

Hafa ber í huga að þetta eru viðmiðunarreglur og ber að líta á þær sem slíkar. Fátt er jafn breytilegt og veðurfar og snjóalög.

Allar ábendingar eru vel þegnar og skulu tilkynnast á bæjarskrifstofu í síma 440-6200 eða á skrifstofa@vogar.is